

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3

850 Hella



Reykjavík 27. október 2015
UST201510-111/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Hvammsvirkjunar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Hvammsvirkjunar, sem er virkjun í Þjórsá á móts við Skarðsfjall.

Í lýsingu kemur fram að áætlað framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í sveitarfélögnum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þau eru áætluð þannig að stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hvammsvirkjun hefur verið hönnuð fyrir allt að 93 MW. Einnig kemur fram að virkjað fall ofangreindrar virkjunar er 32 – 34 m og orkuframleiðsla allt að 720 GWh/ár. Svokallað Hagalón sem er inntakslón Hvammsvirkjunar er áætlað í farvegi Þjórsár norður af Skarðsfjalli alls 4 km² og að stíflumannvirki eru áætluð norður af Skarðsfjalli og að stöðvarhús er áætlað vestan Skarðsfjalls.

Stöðvarhús virkjunarinnar er áætlað vestan Skarðsfjalls og bendir stofnunin á að áætluð staðsetning stöðvarhúss og stíflu eru nokkru fyrir ofan Viðey sem er friðland.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í lýsingu er Viðey (Minnanúpshólmi) friðlýstur hólmi í Þjórsá. Viðey er 3,37 ha að stærð og var friðlýst sem friðland árið 2011. Í auglýsingu um friðlýsinguna kemur fram að markmið friðlýsingarinnar eru m.a. að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og gróskumikinn birkiskog ásamt því lífríki sem honum fylgir. Einnig kemur fram að verið er að styrkja líffræðilega fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins með því að vernda tegundir plantna og annarra lífvera ásamt erfðaaauðlindum sem tegundirnar búa yfir og búsvæði þeirra. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem vatn verður veitt frá stíflu um aðrennslisgöng og þaðan um jarðgöng og skurð aftur í Þjórsá við Ölmóðsey, þ.e. framhjá Viðey sem er staðsett neðan virkjunar en ofar Ölmóðsey, er hætta á að minnkað rennsli geti haft áhrif á Viðey, þ.e. að auðveldara verði að komast í eyna fyrir menn og málleysingja sem myndi raska þar gróðri. Að mati Umhverfisstofnunar setur staðsetning virkjunar svo næri friðlandinu skyldur á herðar

framkvæmdaraðila að forðast alla óþarfa röskun og forðast röskun bakka þjósár á móts við Viðey svo ásýnd að Viðey af bökkum þjórsár verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á friðlandið og áætlaðar mótvægisaðgerðir vegna þeirra verði greinargóð í deiliskipulagstillögu.


Umhverfisviðmið


Að mati Umhverfisstofnunar er listi yfir umhverfisviðmið vel unninn og ítarlegur. Þar kemur fram að svæði virkjunarinnar mun verða skilgreint sem iðnaðarsvæði fyrir virkjanir og veitur. Einnig kemur fram að markmiðið sé að efla atvinnulíf og möguleika til orkuöflunar og að nýta betur þá vatnsmiðlun sem er fyrir hendi á þjórsárvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að fram komi í deiliskipulagstillögu hvort tillaga að breytti landnotkun kemur í veg fyrir starfsemi sem fram fer á svæðinu í dag.

Efnistaka

Í umfjöllun um lýsingu framkvæmdar kemur fram að áætlað er að nýta efnisnámur norðan í Skarðsfjalli, en helstu námur vegna framkvæmdarinnar verði í og við lónsstæðið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að efni verði ekki sótt upp í hlíðar Skarðsfjalls vegna mögulegra neikvæðra sjónrænna áhrifa.

Virðingarfallst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur